

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands

Nóvember 2001

Yfirlit efnahagsmála

Innlendar vörur í vísitölu neysluverðs hækkðu meira en innfluttar í nóvember

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,4% í nóvember. Tólf mánaða hækkun vísitölunnar mældist 8,1%, en 8,8% án húsnæðisliðar. Hvað erlenda verðþætti vísitölunnar áhrærir skipti nokkuð í tvö horn. U.þ.b. helmingur hækkunar vísitölunnar í nóvember stafaði af verðhækkun bíla um 2,4%, en áhrif 4% lækkunar bensínverðs voru nær jafnmikil til lækkunar. Nokkur verðhækkun varð einnig á mat- og drykkjarvörum og ívið meiri á þeim innlendu, að grænmeti undanskildu. Tólf mánaða hækkun innlendar vöru án búvöru nam rúmum 11% en innfluttar vörur án áfengis og tóbaks höfðu hækkað um tæp 9%. Þennan mun má að nokkru leyti rekja til lækkunar á verði bensíns, sem í nóvemberbyrjun var rúmum 2% lægra en fyrir ári. Mestu skiptir þó að innfluttar vörur aðrar en matvæli, bílar og bensín, sem vega 14,5% í vísitölunni hækkðu einungis um 6½%, eða innan við þriðjung gengislækkunar krónunnar á sama tíma (miðað við meðaltal október). Einnig vekur nokkra athygli að húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði um 0,3% eftir að hafa nánast staðið í stað í október. Hækkun varð á bæði greiddri og reiknaðri húsaleigu.

Nokkuð meiri aukning atvinnuleysis í október en að jafnaði í þeim mánuði

Í síðustu Hagvísunum var fjallað nokkuð ítarlega um vinnumarkaðinn og komist að þeirri niðurstöðu að vinnumarkaðurinn væri enn afar spenntur, en greinilegt að breytingar væru í aðsigi. Samtímavísbendingar um slíkar breytingar eru enn sem komið er fremur veikar, en þó sjáanlegar.

Merki um slíkar breytingar er að finna í tölum um skráð atvinnuleysi í október þótt ekki sé um mikla breytingu að ræða. Atvinnuleysi jókst nokkuð meira en að jafnaði í októbermánuði og hækkaði árstíðarleiddrétt atvinnuleysi úr 1,3% í 1,4%. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi hefur ekki verið hærra síðan í mars 2000.

Aðrar samtímavísbendingar af vinnumark-

aðnum sýna ekki heldur snöggar breytingar. Laus störf hjá vinnumiðlunum í lok október voru heldur færri en fyrir ári, en mun fleiri en fyrir tveimur árum. Enn er veittur töluverður fjöldi nýrra tímabundinna atvinnuleyfa til útlendinga utan EES-svæðisins, en ívið færri en fyrir ári. Sterkari vísbendingu gefur að í næstum helmingi tilvika var um framlengingu að ræða, en töluvert færri ný atvinnuleyfi voru veitt.

Launavísitalan þokaðist upp um 0,2% í október. Hækkunin er síðbúin afleiðing kjarasamninga við nokkra hópa opinberra starfsmanna, en engar breytingar urðu á launum á almennum vinnumarkaði. Ekki er því hægt að túlka þessa hækkun sem launaskrið.

Hækkun lánsfjárhæða til íbúðakaupa leiðir til fjölgunar umsókna

Vöxtur hefur verið í umsóknum og afgreiðslu íbúðarlána undanfarna mánuði miðað við sama tíma árið 2000 (sjá mynd 31). Í fréttaritum Íbúðalánasjóðs er þessi þróun einkum rakin til hækkunar lánsfjárhæða í maí síðastliðnum. Einnig eru nefndir til sögunnar þættir eins og búferlaflutningar, kaupmáttaraukning, uppsöfnuð þörf (sem lýsir sér í aukningu viðbótarlána) og að einhverju leyti sókn í skuldbreytingar. Vísbendingar séu þó um samdrátt framundan og að fasteignamarkaðurinn sé að færast frá því að vera seljendamarkaður yfir í að vera kaupendamarkaður. Hvað sem þessum skýringum líður er ljóst að tímabundin uppsveifla er í fasteignaviðskiptum og hefur hún m.a. birst í nokkurri hækkun íbúðaverðs að undanfögnu eftir tímabil lítillhátar hjöðnunar. Ef sú skýring að hækkun lánsfjárhæða eigi mestan hlut að máli er rétt má þó búast við að uppsveiflan muni ekki vara lengi og versnandi efnahagshorfur nái fljótlega yfirhöndinni sem ráðandi þáttur verðmyndunar. Hvað búferlaflutninga áhrærir eru þeir ívið minni fyrstu 9 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra, og öllu minni sl. 3 mánuði en að meðaltali fyrri helming ársins. Því virðast búferlaflutningar ekki augljós skýring, þótt hugsanlega sé um uppsafnaða þörf að ræða.

Aukin umsvif á íbúðamarkaði hafa birst í nokkurri hækkun íbúðaverðs í fjölbýli. Vísitala Fasteignamatsins, sem sýnir 3ja mánaða meðaltal íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, hækkaði nokkuð í ágúst-október, eftir lækkun mánuðina þrjá á undan. Vísitala sem sýnir verðþróun alls íbúðaverðs hefur þó lækkað stöðugt frá því í maí. Reiknuð húsaleiga í vísitölu neysliverðs hefur hins vegar hækkað lítillega á sama tíma og um 0,3% í nóvember. Reiknuð húsaleiga byggir að hluta til á sömu upplýsingum og vísitölur Fasteignamatsins, en er frábrugðin hinum fyrrnefndu að því leyti að mismunandi tegundir húsnæðis eru þar vegnar saman með öðrum hætti, vísitalan er tafin um einn mánuð og nær einnig til landsbyggðarinnar.

Seðlabankavextir í verðbólguarkmiðslöndum víða hærrí en hér

Háir stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa verið mjög til umræðu að undanfögnu. Um þetta er

m.a. fjallað í *Peningamálum* 4/2001 sem komu út í byrjun mánaðarins. Meðfylgjandi er tafla sem sýnir stýrivexti og raunstýrivexti (miðað við liðna verðbólgu) í nokkrum löndum sem búa við sambærilegt stjórnkerfi peningamála og Ísland. Þótt stýrivextir á Íslandi séu hinir þriðju hæstu af verðbólguarkmiðslöndunum 15 sem sýnd eru í töflunni er Ísland í tíunda sæti þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu sl. árs, enda verðbólga mest hér á landi. Liðin verðbólga er reyndar ekki endilega réttur mælikvarði til að gera slíkan samanburð, en ekki liggja fyrir mælingar á verðbólguvæntingum nema fyrir hluta landanna. Vænt verðbólga hér á landi er töluvert lægri en liðin verðbólga ef marka má mun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra og verðtryggðra skuldbréfa og raunvextir því hærrí ef horft er fram á veginn (sjá einnig mynd 45).

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 22. nóvember 2001.

Verðbólga og vextir í ýmsum ríkjum 2001

Lönd með formlegt verðbólguarkmið

<i>Land</i>	<i>Verðbólga¹</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vaxtabreyting²</i>	<i>Stýrivextir</i>	<i>Dagsetning³</i>	<i>Raunvextir⁴</i>
Ástralía	2,5	3. ársfj.	-0,25%	4,50	3. okt.	2,0
Brasilía	5,7	september	Óbreyttir	19,00	.	13,3
Bretland	1,6	október	-1,00%	4,00	8. nóv.	2,4
Chile	3,4	október	Óbreyttir	6,50	.	3,1
Ísland	8,1	nóvember	-0,80%	10,10	8. nóv.	2,0
Ísrael	2,0	október	-0,20%	6,10	29. okt.	4,1
Kanada	2,6	september	-0,75%	2,75	23. okt.	0,2
Noregur	2,2	október	Óbreyttir	9,00	.	6,8
Nýja-Sjáland	2,4	3. ársfj.	Óbreyttir	5,25	.	2,9
Pólland	4,0	október	-1,50%	17,00	26. okt.	13,0
Suður-Afríka	4,0	október	Óbreyttir	11,00	.	7,0
Sviss	0,6	október	-0,50%	1,75-2,75	24. sept.	2,2
Svíþjóð	2,5	október	-0,50%	3,75	16. okt.	1,3
Tékkland	4,4	október	Óbreyttir	5,25	.	0,9
Tæland	1,4	október	Óbreyttir	2,50	.	1,1
<i>Önnur iðnríki</i>						
Bandaríkin	2,1	október	-1,50%	2,00	6. nóv.	-0,1
Japan	-0,8	september	-0,15%	0,10	18. sept.	0,9
Evrusvæði	2,5	október	-1,00%	3,25	8. nóv.	0,8
Danmörk	2,3	október	-1,00%	3,60	8. nóv.	1,3


1. Hækkun vísitölu neysliverðs sl. 12 mánuði.

2. Uppsafnað frá 11. september 2001.


3. Síðasti vaxtabreytingardagur.

4. M.v. verðbólgu sl. 12 mánuði.


I Alþjóðleg efnahagsmál




Iðnaðarframleiðsla féll um 1,1% í október, 13. mánuðinn í röð. Þetta er lengsta óslitna samdráttarskeið frá því í heimskreppunni 1932. Samtals hefur iðnaðarframleiðslan dregist saman um 6%. Smásöluverðslun jókst óvænt um 7,1% í október, eftir samdrátt í september. Vöxturinn stafaði nær eingöngu af aukinni bifreiðasölu. Atvinnuleysi jókst úr 4,9% í 5,3% í október. Neysluverðsvisitalan lækkaði um 0,3% í október, en kjarna-
visitalan hækkaði um 0,2%. Yfir 12 mánuði mældist verðbólga 2,1%.




Verðbólga á evrusvæðinu minnkaði í 2,4% í október, og hefur þá minnkað um 1% frá því í maímánuði. Kjarnaverðbólga jókst hins vegar um 0,1% í 2,3%. Aðrar efnahagsfréttir hafa verið í neikvæðara lagi. Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu dróst saman um ½% í september, þar af um 2% í Þýskalandi. Atvinnuleysi á evrusvæðinu var óbreytt í september, 8,3% fimmta mánuðinn í röð.




Vaxandi verðhjöðnunar hefur gætt undanfarna mánuði. Eftir lækkan fimm mánuði í röð, jókst iðnaðarframleiðsla lítillega í ágúst, en féll aftur í september. Atvinnuleysi jókst úr 5% í 5,3% í september.




Skráð atvinnuleysi jókst í 3,2% í október, eftir langan feril lækkanar. Undirliggjandi verðbólga var óbreytt í október, 2,3%, en verðlag lækkaði lítillega milli mánaða. Í heild lækkaði verðlag meira, einkum vegna lægri vaxta. Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 1,2% eftir vöxt mánuðinn á undan. Yfir 12 mánuði hefur hún dregist saman um 2,9%.




Vöxtur peningamagns á evrusvæðinu hefur aukist undanfarna mánuði. Þriggja mánaða meðaltalið, sem ECB miðar formlega við, jókst úr 6,5% í ágúst í 6,9% í september. Að þessu sinni skýrir ECB aukinn vöxt með aukinni eftirpurn eftir peningum í kjölfar atburðanna 11. september. Í Bandaríkjunum nam vöxtur M3 yfir 12 mán. til októberloka 13%.




Tólf mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins minnkaði nokkuð í september úr 5,5% í 5,1%. Tólf mánaða vöxtur útlána í Bandaríkjunum til innlendra aðila annarra en fjármálastofnana nam 5,3% í októberlok.




Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum hefur að undanfögnu verið svipað eða hærra og það var fyrir atburðina 11. september og hefur Nasdaq-vísitalan hækkað öllu meira.



Verð hlutabréfa í Evrópu og víðar hefur tekið svipuðum breytingum og í Bandaríkjunum.




Hrina vaxtalækkana heldur áfram. Bandaríski seðlabankinn lækkaði t.d. vexti 6. nóvember um ½% í 2%. Seðlabanki Evrópu og Englandsbanki lækkuðu vexti um ½% 8. nóvember, í 3,25% og 4%. Danski seðlabankinn fylgdi í kjölfarið að vanda með samsvarandi lækkun.




Langtímavextir á helstu gjaldmiðlasvæðum hafa að undanfögnu verið ½% - 1% lægri en fyrir ári. Í Bandaríkjunum hafa þeir þökast aðeins upp á ný sl. 4 vikur.


II Ytri skilyrði þjóðarbúsins




Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal styrktist nokkuð í kjölfar atburðanna 11. september og nálgadist 93 sent upp úr miðjum september. Síðan hefur gengi evrunnar lækkað á ný og lækkaði um tíma niður fyrir 0,88 sent.



Afli var allgóður í október. Sérstaklega glæddist veiði á botnfiski. Fyrstu 10 mánuði ársins var aflinn 2% minni en á sama tíma í fyrra. Afla uppsjávartegunda jókst, en botnfiskafli dróst saman um 6% frá sl. ári. Útflutningur sjávarafurða janúar til október var um fimmtungi meiri í krónum talið en á sama tíma í fyrra. Að magni til var útflutningurinn um 2% minni, sökum minni útflutnings frystra afurða, sérstaklega sjófrýstra. Um fjórðungs aukning var í saltfiski og um 50% aukning í útflutningi bræðsluafurða.




Verðlag sjávarafurða hefur að undanfögnu verið u.þ.b. 29% hærra í krónum en fyrir ári og tæplega 5% hærra í erlendri mynt. Frá áramótum hefur orðið mest hækkun á verði lýsis og mjóls, og frystrar sildar (45% og 25% á föstu gengi) Saltfiskur hefur einnig hækkað verulega í verði síðustu mánuði og um 4% á föstu gengi sl. 12 mánuði. Álverð hefur rétt nokkuð af í nóvember, eftir fimmtungslækkun frá áramótum. CRU Int. spáir að verð næsta árs verði að meðaltali 3% lægra en á þessu ári, en verðið muni síðan fara hækkanði.




Hráolíuverð hefur ekki verið lægra í 28 mánuði og er u.þ.b. þriðjungur lægra en í ársbyrjun og um 45% lægra en fyrir 12 mánuðum. Ekki er talið líklegt að hráolíuverð fari undir US\$15/fatið. Í nýrri spá frá Lehman Brothers er spáð að verðið verði að jafnaði US\$17/fatið á næsta ári eða þriðjungur lægra en meðalverð þessa árs. Bensínverð hefur lækkað í takt við hráolíuverð og fara verður aftur til vormánaða 1999 til að finna jafnlagt verð. Framvirkt verð bendir til áframhaldandi verðlækkunar.


III Framleiðsla og velta




Verð á hrávörum öðrum en eldsneyti hefur nýlega verið u.þ.b. 4% lægra en sl. ár. Aðeins matvæli hafa hækkað í verði, en grunnmálmar lækkað mest, eða um 20% á seinustu 12 mánuðum.



Skv. virðisaukaskattsuppgjörum jókst velta um 5,3% að raungildi á fyrri hluta ársins, en 1,4% milli sömu tímabila 1999 og 2000. Í heildsölu (eldsneyti undanskilið) jókst velta um 2% að raungildi, en 0,5% í smásölu. Veruleg raunveltuaukning var í iðnaði, þjónustu og byggingarstarfsemi.




Í október sl. voru um 42% færri bílar skráðir en í október 2000 og á fyrstu tíu mánuðum ársins voru 47% færri bílar skráðir en á sama tíma í fyrra. Hratt dregur úr uppsafnaðri aukningu í sementssölu milli ára. Á sumarmánuðum hafði salan aukist um fimmtung milli ára en fyrir tímabilið janúar til október var aukningin 12%. Síðustu tvo mánuðina var salan heldur minni en fyrir ári.




Sú mynd sem afkomutölur skráðra fyrirtækja gefa í árshelmingsuppgjörum þessa árs er mjög tvihlíða. Annars vegar er mikið bókfært rekstrartap eftir skatta vegna gengistaps á erlendum lánnum en framlegð (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði sem % af veltu) hefur aukist. Veltufé frá rekstri jókst einnig verulega milli ára. Raunveltuaukning hjá þessum fyrirtækjum var 15%.


IV Utanríkisviðskipti




Í upphafi ársins var samningsverð um 9% undir kostnaðaráætlunum. Þegar leið á árið hækkaði hlutfall samningsverðs og áætlaðs kostnaðar, en hækkingin hefur að nokkru gengið til baka. Óvegið meðalsamningsverð tíu síðustu samninga í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins hefur að undanförnu verið aðeins 2% undir kostnaðaráætlunum.



Á fyrstu níu mánuðum ársins voru vöruskipti við útlönd án viðskipta með skip og flugvélar neikvæð um 5,6 ma.kr. samanborið við neikvæð vöruskipti um 18,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra og á gengi þess árs. Á sama tíma lækkaði gengi krónunnar um 16,1%.




Í september voru fluttar út vörur fyrir 15,4 ma.kr. sem er 6% meira á föstu gengi en í september í fyrra. Fluttar voru inn vörur fyrir 18,7 ma.kr. sem er 6% minna en í september í fyrra á föstu gengi.




Árstíðarleiddréttur innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist mikið saman frá því í október 2000 þegar hann náði hámarki. Árstíðarleiddréttur innflutningur án skipa og flugvéla jókst þó örlítið milli ágúst og september (líklegt að þar gæti áhrifa vegna Smáralindar sem var opnuð í október).


V Opinber fjármál




Fyrstu níu mánuði ársins var almennur útflutningur rúmlega 1½% meiri að magni en árið áður og verð hækkaði um 21½% sem rekja má til 19,3% hækkunar á meðalverði erlendis gjaldeyris frá sama tíma í fyrra. Útflutningur iðnaðarvöru jókst um 8,2% að magni en útflutningur sjávarafurða dróst saman um 1,6%. Innflutningur dróst saman um tæp 5¼%. Almennur innflutningur dróst saman um 8,2% og innflutningur neysluvöru um 16%.



Gjöld voru rúman milljarð króna umfram tekjur til loka október, sem er 5½ ma.kr. bati frá síðasta mánuði, eða álika mikill og á sama tíma í fyrra. Innstreymi á eignahreyfingum nam 1 ma.kr. Lánsfjárfjöfnuður batnaði því um 6,5 ma.kr. í mánuðinum, en var þó enn neikvæður um 2 ma.kr. á árinu. Ríkissjóður tók í mánuðinum 27 ma.kr. að láni erlendis m.a. vegna til að styrkja gjaldeyrisstöðuna og eigið fé Seðlabankans.




Innheimtar tekjur til októberloka voru 7½% hærrí en á sama tíma í fyrra, en gjöld 15% hærrí. Beinir skattar skiluðu 14% meira að raunvirði en fyrstu 10 mánuði ársins 2000, óbeinir skattar 4½% minna. Raunútgjöld til rekstrar það sem af er ári eru 6% hærrí en á sama tíma í fyrra (m.v. neysluverð). Tilfærslur voru 12% meiri en fyrir ári, en dregið hefur úr vextinum. Mjög hefur hægt á viðhalds- og fjárfestingarútgjöldum síðustu 2 mánuðina.




Mynd 26 sýnir 12 mánaða raunbreytingar 4ra mánaða meðaltala skatttekna. Skattar tengdir innflutningi og áfengissölu minnkuðu um 11% og innflutningsskattarnir einir um 13,5%, en staðgreiddur tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld af launum einstaklinga jukust um 8% að raungildi frá sama tíma fyrir ári. Í báðum tilvikum hefur aukning milli ára farið vaxandi eftir dýfu á sumarmánuðunum.


VI Vinnumarkaður og tekjur




Myndin sýnir 4ra mánaða meðaltal rauntekna miðað við neysluverð í þremur skattaflokkum sem allir draga dóm af nýlegri þróun. Tekjur ríkissins af staðgreiðslu og launasköttum haldast tiltölulega stöðugar, en mun meiri árstíðasveifla er í tekjum af virðisaukaskatti og innflutningi. Innflutningstekjur ná hámarki á 3ja ársfjórðungi en virðisaukaskatturinn heldur seinna.




Atvinnuleysi í október mældist 1,2% og jókst um 0,2% frá fyrri mánuði. Í október 2000 mældist atvinnuleysi 0,9%. Árstíðarleidd rétt atvinnuleysi var 1,4% í október samanborið við 1,2% í október í fyrra. Árstíðarleidd rétt atvinnuleysi hefur ekki verið hærra síðan í mars 2000.




Launavísitala hækkaði um 0,2% í október og 9,1% undanfarna 12 mánuði. Hækkun vísitölnunnar á milli mánaða má aðallega rekja til samninga smærri launþegahópa við ríki og sveitarfélög, s.s. sálfræðinga. Undanfarna 12 mánuði jókst kaupmáttur launa um 1%.



Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 11,3% frá 3. ársfj. 2000 til 3. ársfj. ársins 2001. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 7,2%. Launaskrið hefur aukist að undanfögnu eða um 2,6% á 2. ársfj. 2001 og um 3,3% á 3. ársfj. frá sömu ársfj. fyrir ári.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofunnar í september vildu vinnuveitendur fækka starfsfólki um 0,3%. Á höfuðborgarsvæðinu vildu þeir fækka starfsfólki um 0,5% af vinnuafli. Í september í fyrra vildu þeir fjölga starfsfólki um 1,7%. Á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur fækka starfsfólki um 0,1% af vinnuafli samanborið við 1,1% í fyrra. Samkvæmt könnuninni mun draga enn frekar úr eftirspurn eftir vinnuafli fram á mitt næsta ár, eða um rúmlega 3%.




Veitt voru 492 atvinnuleysi í október samanborið við 468 í október í fyrra. Í næstum helmingi tilvika var um framlengingu að ræða, en færri ný atvinnuleysi voru veitt. Meðalfjöldi veittra atvinnuleysa undanfarna 3 mánuði er 438, sem er nokkuð minna en fyrir ári. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok september var 549, sem er svipað og á sama tíma fyrir ári (554).


VII Gengi og eignaverð




Oktobermánuður sl. einkenndist af mikilli veltu og töluverðri verðhækkun á hlutabréfamarkaði. Skattaáform ríkisstjórnarinnar og væntingar um batnandi rekstrarniðurstöður margra skráðra fyrirtækja höfðu jákvæð áhrif á veltu og gengi, einkum sjávarútvegsfyrirtækja. 19. nóvember hafði markaðsgengi þeirra hækkað um 9% frá áramótum og markaðsverð lyfjafyrirtækja um 27%. Í nóvember hefur aðalvísitalan lækkað lítillega á ný.




Vísitala fasteignaverðs (bæði sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hafði í september hækkað um 3,4% á 12 mánuðum. Í apríl-september lækkaði vísitalan um 1½% samtals. Vísitala fermtraverðs í fjölbýli, sem nær fram í október, hækkaði um 0,5% milli mánaða og 4,7% undanfarna 12 mánuði.




Tölur um raunverð atvinnuhúsnæðis á 3ja ársfjórðungi staðfesta að hækkanahrina árunna 1998-2000 er gengin yfir. Ekki eru hins vegar skýr teikn um það í gögnum að raunverð sé tekið að lækka. Hafa verður í huga að tiltölulega fáir kaupsamningar falla til í hverjum ársfjórðungi og eignirnar eru afar ósamleitar. Tölurnar sýna því illa minni breytingar, en votta þó að ekki er um verðhrun að ræða, enn sem komið er.



Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 274 í október samanborið við 198 í október í fyrra. Fjöldi afgreiddra lána til kaupa á notuðu húsnæði var 840 og hefur ekki verið meiri frá því í júlí 1999. Upphæð afgreiddra húsbrefa hækkaði verulega milli mánaða vegna aukinna viðskipta með húsnæði.




Mikil eftirspurn einkennir markaðinn með skammtímakvóta. Hátt verð á fiskmörkuðum heldur uppi háu kvótaverði. Lítil viðskipti eru hins vegar með varanlegan kvóta og verðið fer lækkandi. Verð á varanlegum kvóta hefur að undanfögnu verið u.þ.b. 12% lægra en fyrir ári en verð á leigukvóta er nærri 50% hærra.




Raungengi krónunnar miðað við verðlag á 3. ársfj. lækkaði um 13,4% frá sama tíma í fyrra. Raungengi miðað við verðlag var 11,9% lægra á 3. ársfj. en að meðaltali undanfarnin 10 ár og 7,9% lægra sé miðað við laun.



VIII Peningar, útlán og vextir



Þrýstingur hefur verið á gengi krónunnar að undanfögnu og gengi lækkað enn frekar. Fyrstu 10 mánuði ársins var gengi krónunnar að meðaltali 16½% lægra en á sama tíma í fyrra. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var 13,9% lægra í október en fyrir ári.




Heldur dró úr 12 mánaða vexti útlána til heimilanna á 2. fjórðungi ársins, en vöxtur útlána til atvinnuvega og hins opinbera jókst. Í heild jókst 12 mánaða vöxtur útlána úr 20½% til loka mars í 25½% til loka júní. Útlán til atvinnuvega jukust um rúm 30% en vöxtur útlána til heimilanna var u.þ.b. helmingi minni.




Breyting í % til september 2001	M3	Útlán	Útlán án uppfærslu
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt).....	1,2	1,6	0,8
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleiddrétt).....	16,5	15,4	4,3
Yfir 12 mánuði.....	13,9	20,2	7,9


Breyting í % til september 2001	M3	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	0,6	0,9
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árst.leiðr.)	8,9	8,2
Yfir 12 mánuði	5,4	11,2




Raunávöxtun 15 ára spariskírteina (RS15/1001) 19. nóvember var 5,3% en var 5,0% fyrir mánuði. Raunávöxtun spariskírteina hefur verið að meðaltali 5,1% það sem af er þessu ári. Raunávöxtun húsbrefta (IBH22/1215) hefur verið tiltölulega stöðug það sem af er árinu og nánast staðið í stað undanfarinn mánuð nálægt 5,9%.



Ávöxtun skuldabréfa til tveggja ára (RB03/1010) var 19. nóvember 10% og hefur verið tiltölulega stöðugt frá miðjum ágúst. Ávöxtun fimm ára bréfa (RB07/0209) var á sama tíma 9,3%, eða svipuð og hún hefur verið frá byrjun júlí. Langi endi ávöxtunarferilsins er því niðurbhallandi um ¼%. Frá því peningastefnunni var breytt 27. mars sl. hafa langtímanafnvextir lækkað um rúmlega ½%.




Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til tveggja ára var 19. nóvember 3,6% og hefur lækkað heldur undanfarna mánuði. Verðbólguálag bréfa með um fimm ára lífaldur hefur einnig lækkað og var 3% 19. nóvember. Verðbólguvæntingar almennings til næstu tólf mánaða voru 7,7% í september samkvæmt könnun sem gerð var fyrir Seðlabankann.




Raunstyrivextir Seðlabankans mældir með verðbólguálaginu voru 19. nóvember 6,3%, en 7,2% þegar Seðlabankinn lækkaði vexti í byrjun nóvember. Vaxtamunur við útlönd var 7% en varð mestur 7,6% í lok september og í byrjun nóvember, í kjölfar hrinu vaxtalækkana í helstu viðskiptalöndum eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum.

IX Verðlag



Vísitala neysluverðs í nóvember hækkaði um 0,4% frá fyrri mánuði. Verð á innfluttum vörum hækkaði um 0,4% (0,1% áhrif á vísitöluna), þar af hækkaði verð á bílum um 2,4% (0,21%) en bensínverð lækkaði um 4,0% (-0,19%). Verð á mat og drykkjarvörum hækkaði um 0,6% (0,1%). Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 8,1% og um 8,8% án húsnæðis. Í október hafði samræmd vísitala neysluverðs fyrir Ísland hækkað um 8,3% undanfarna 12 mánuði.



Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks höfðu í nóvemberbyrjun hækkað um 8,9% á 12 mánuðum. Húsnæðisliður vísitölnunnar hækkaði á sama tíma um 5,6%, innlendar vörur án búvöru og grænmetis um 11,2%, og þjónusta á almennum markaði um 9,2%.

Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Bandaríkin

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 2. Evrusvæðið

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 3. Japan

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 4. Bretland

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 5. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 6. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis.

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira. Tölur um evrusvæðið hefjast í september 1998.

Mynd 7. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. föstudags. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 8) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 8. Erlendar hlutabréfavísitölur

Heimild: Thomson Financial, EcoWin. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. mánudags. Hlutabréfavísitölur á evrusvæðinu (EMU Stoxx 50), í Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow-Jones Industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1997.

Mynd 9. Mismunur langtíma- og skammtímavaxta

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtímavöxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtímavextir í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvxlavextir.

Mynd 10. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa eru þeir sömu og notaðir eru í myndinni á undan.

Mynd 11. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.

Mynd 12. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarimiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

Mynd 13. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðaleiðrétt.

Mynd 14. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mándarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

Mynd 15. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: Thomson Financial/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálmum og verðlag matvæla.

Mynd 16. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirliði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirtar með vísitölu neysluverðs eða viðeigandi undirvísitölu hennar.

Mynd 17. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

Mynd 18. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 19. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

Mynd 20. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 21. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 22. Árstíðaleiðréttur vöruinnflutningur á föstu verði

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðaleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vege saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 23. Utanríkisviðskipti

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 24. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum lögum og stuttum útlánum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

Mynd 25. Ríkistekjur og gjöld

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

Mynd 26. Þróun skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

Mynd 27. Raunvirði skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Vísitala, hlaupandi meðaltal 4 mánaða tímabila. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd neyslu og innflutningi.

Mynd 28. Atvinnuleysi

Heimild: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðaleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 29. Launavísitala og kaupmáttur

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

Mynd 30. Laun á almennum markaði, opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur, breyting frá sama ársfjórðungi árið áður. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Miðað er við útreikningstíma vísitölunnar.

Mynd 31. Atvinnuleysi og fjöldi starfa

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (ÞHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarhlíð vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

Mynd 32. Atvinnuleyfi og störf í boði

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefinna atvinnuleyfa. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

Mynd 33. Velta og verðþróun á hlutabréfamarkaði

Heimild: Verðbrefafélag Íslands. Sýnd er mánaðarleg velta á þingi og utan þings og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta veltutalan er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 34. Fasteignaverð: íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

Mynd 35. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Vísitala fermetraverðs (1981:1=100), á verðlagi nýjasta tímabilsins, ársfjórðungstíðni. Sýnt er bæði einfalt meðaltal og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 36. Afgreidd húsbref á nafnverði og fjöldi afgreiddra húsbrefa

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

Mynd 37. Verð veiðiheimilda

Heimild: LÍÚ og Kvótaping. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 38. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 39. Gengisþróun krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 40. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 41. M3 og útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA frá og með mars 1999.

Mynd 42. Raungildi M3 og útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðaleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA við útlánavísitöluna. Janúar 1998=100.

Mynd 43. Ávöxtun langtímaskuldabréfa á VPÍ

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð viðskiptavaka í 10 ára og 15 ára spariskírteini og húsbúðir í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. (Sýndir eru eftirfarandi flokkar: RS10 0115, RS15 1001 og IBH22 1215)

Mynd 44. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð í ríkisbréf til u.þ.b. 2 og 5 ára (RIKB 03 1010 og RIKB 07 0209).

Mynd 45. Verðbólguálag

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímallengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þ.b. 2 ára (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 5½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið 1998-2000 en frá ársbyrjun 2001 eru sýndar daglegar tölur.

Mynd 46. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímarauvextir reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Vikulegar tölur.

Mynd 47. Neysluverð

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvísitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvísitölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP).

Mynd 48. Neysluverðsvísitala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvísitölnnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.